

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 24/1954.

Ewald Berndsen

gegn

Péttri Þorsteinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Úrskurður fúgetaréttar, sem heimilaði töku fjárnuminna muna úr vörzlum gerðarþola, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ewald Berndsen, greiði varnaraðilja, Péttri Þorsteinssyni, kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 14. október 1954.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Péturs Þorsteinssonar hdl., hér í bæ, hefur sú krafa komið fram, að teknir verði úr vörzlum gerðarþola, Ewalds Berndsens, Grenimel 20, ýmsir munir, sem fjárnám var gert

í hinn 7. júlí sl., og gerðarbeiðanda afhent umráð þeirra, svo að fram verði komið nauðungarsölu á þeim.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að vörzlusvipting þessi fari fram.

Var ágreiningur þessi lagður undir úrskurð fógeta að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór í dag.

Hinn 16. maí 1953 er kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur dómur í málinu nr. 402/1953: Pétur Þorsteinsson gegn Magnúsi Helgasynti, Lúðvík Guðmundssynti og Ewald Berndsen, og var þeim gert að greiða stefnanda málsins kr. 183.707,78 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 46,20 í afsagnarkostnað, kr. 440,00 í stimpilgjald og kr. 4.400,00 í málskostnað.

Dómur þessi er birtur fyrir dómþolonum Magnúsi og Ewald hinn 3. júní 1953. Hinn 19. júní 1953 óskar gerðarbeiðandi eftir fjárnámi hjá Magnúsi Helgasynti og Ewald Berndsen, og er hinn sama dag tekið fyrir að gera fjárnám hjá Magnúsi, og lyktaði því með fjárnámi í fasteign Magnúsar hinn 31. júlí 1953.

Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum að nýju hinn 15. júní 1954 og krefst nú fjárnáms hjá Ewald Berndsen fyrir $\frac{1}{3}$ hluta fjárhæðarinnar, þ. e. kr. 61.235,93, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % af kr. 61.235,93 í þóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilgjald, kr. 1.466,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnámserðina og eftirfarandi uppboð.

Fjárnám fór fram hinn 7. júlí sl. á heimili gerðarþola Ewalds í ýmsum innanstokksmunum hans, svo og var skrifuð upp til fjárnáms bifreið hans, R. 5708, en frestað var fjárnámserðinni að sinni að öðru leyti, m. a. vegna matsgerðar á ofan nefndri bifreið. — Málið var síðan tekið fyrir enn á ný hinn 9. júlí, og voru þá teknar ákvarðanir um framkvæmd matsgerðar á bifreiðinni. Matsgerð hefur þó ekki enn farið fram.

Gerðarbeiðandi snýr sér á nýjan leik til fógetaréttar Reykjavíkur hinn 11. þ. m. og krefst þess, að hinir fjárnumdu munir verði teknir úr vörzlum gerðarþola til sölu við nauðungaruppboð, og enn fremur, að frekari eignir hans verði fjárnumdar, þar eð enn sem komið er, hafi ekki fengizt nægileg verðmæti til lúkningar skuldinni.

Gerðarþoli hefur lýst yfir því, að hann geti ekki bent á frekari eignir til fjárnáms. Hann hefur og mótmælt því, að hinir fjárnumdu munir verði teknir úr vörzlum sínum, og ber það fyrir sig, að liðnar séu meira en 12 vikur, frá því að fjárnám fór fram, og verði fjárnámið því að teljast fallið niður.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt þessari skoðun gerðarþola sem löglausri, og er krafan um vörzlusviptingu hér til úrskurðar.

Gerðarþoli virðist byggja mótmæli sín gegn vörzlusviptingarkröfu gerðarbeiðanda á ákvæðum 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887. Verður engan veginn fallizt á það, að gerðarþoli geti horið þessi

ákvæði fyrir sig. Eftir að þessi fjárnámsgerð var byrjuð, hefur enginn annar aðili farið fram á fjárnám hjá gerðarþola, og ekki hefur bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Verður ekki séð, að nein lagafyrirmæli hindri það, að hinir fjárnumdu munir verði nú teknir úr vörzlum gerðarþola, og er krafa gerðarbeiðanda um vörzslusviptingu tekin til greina.

Því úrskurðast:

Munir þeir, sem fjárnám var gert í hinn 7. júlí 1954, skulu teknir úr vörzlum gerðarþola til sölu á nauðungaruppboði skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 30. október 1954.

Hinn 14. þ. m. var hér í réttinum kveðinn upp úrskurður þess efnis, að ýmsir munir, sem gert var fjárnám í hjá gerðarþola, Ewald Berndsen, hinn 7. júlí sl. að kröfu gerðarbeiðanda, Péturs Þorsteinsonar, skyldu á ábyrgð gerðarbeiðanda teknir úr vörzlum gerðarþola og gerðarbeiðanda fengin umráð þeirra til sölu á nauðungaruppboði.

Er mál þetta var síðan að nýju tekið fyrir hér í réttinum til frekari aðgerða hinn 26. þ. m., sýndi gerðarþoli í réttinum áfrýjunarstefnu, dags. 22. þ. m., en þar er áður nefndum úrskurði fógeta áfrýjað til Hæstaréttar. Á grundvelli þessarar áfrýjunarstefnu mótmælti gerðarþoli því, að hin fyrirhugaða vörzslusvipting færi fram. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafizt, að hin áður úrskurðaða vörzslusvipting færi fram. Hélt umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram, að ef gerðarþoli vildi ekki una við úrskurð fógeta þar að lútandi, hefði honum borið að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar, og geti áfrýjun því engan veginn hindrað, að úrskurðinum verði framfylgt.

Er ágreiningur þessi hér til úrskurðar.

Verður hér ekki talin ástæða til þess að rekja málavöxtu nema að litlu leyti. Fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda, sem byggist á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu 402/1953: Pétur Þorsteinsson gegn Magnúsi Helgasyni, Lúðvík Guðmundssyni og Ewald Berndsen, er dagsett hinn 15. júní sl. Er krafizt fjárnáms hjá gerðarþola Ewald fyrir $\frac{1}{2}$ hluta dómsskuldarinnar, kr. 61.235,93, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. apríl 1953 til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % af kr. 61.235,93 í víxilþóknun, kr. 15,40 í afsagnarkostnað, kr. 146,67 í stimpilkostnað, kr. 1.466,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og eftirfarandi uppboð.

Hinn 7. júlí sl. fór fram fjárnám á heimili gerðarþola í ýmsum innanstokksmunum hans, en munir þessir eru enn í vörzlum gerðarþola, og fjárnámsgerðinni að nokkru frestað að öðru leyti.

Gerðarbeiðandi sneri sér á nýjan leik til fógeta hinn 11. þ. m. með kröfu um, að hinir fjárnumdu munir yrðu teknir úr vörzlum

gerðarþola. Er mótmæli komu fram af hálfu gerðarþola gegn því, að vörzlusvipting færi fram, var það atriði tekið til úrskurðar og kveðinn upp um það úrskurður þess efnis, að vörzlusvipting skyldi fram fara, og er það sá úrskurður, sem gerðarþoli hefur áfrýjað til Hæstaréttar, sjá hér að ofan.

Með tilliti til 198. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja, að gerðarþola hafi borið að kæra áður nefndan úrskurð fógeta til Hæstaréttar eftir reglum XV. kafla nefndra laga, ef hann vildi ekki við hann una. Gerðarþoli hefur þó skotið úrskurðinum til Hæstaréttar eftir almennum reglum um áfrýjun, og verður ekki talið, að slíkt málskot hindri það, að úrskurðinum verði framfylgt.

Því úrskurðast:

Úrskurði fógeta í máli þessu, upp kveðnum 14. þ. m., skal framfylgt skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Mánudaginn 22. nóvember 1954.

Nr. 10/1953. **Gunnar A. Pálsson** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. jan. 1953 og krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. febrúar 1953 og krafizt þess, að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, áfrýjanda dæmd á hendur fésekt fyrir þau svo og dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hin átöldu ummæli eru þessi: „... hann“, þ. e. gagnáfrýjandi, „hefur í mín eyru viðhaft miður vinsamleg orð um mér æðri dómara“. Eigi þarf að skilja þessi ummæli svo, að aðal-